



Eftirlitsáætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

Samkvæmt 20. gr. reglugerðar um eldvarnir og eldvarnareftirlit nr. 723/2017 skal slökkviliðsstjóri fyrir 1. febrúar ár hvert gefa út eftirlitsáætlun ársins þar sem gerð er grein fyrir því hvaða mannvirki, lóðir og starfsemi í sveitarfélaginu munu sæta eldvarnareftirliti það árið. Áætlunin skal birt á vefsíðu slökkviliðs eða viðkomandi sveitarfélags. Hér fyrir neðan er gerð grein fyrir forsendum eftirlitsáætlunar og eftirlitsaðferðum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS) og meðfylgjandi er listi yfir þau mannvirki sem áformað er að skoða á árinu 2023.

Forsendur fyrir eftirliti

Við val á byggingum á eftirlitsáætlun skal horfa til öryggis fólks og dýra. Notkunarflokkur húsnæðis skal vera ráðandi í valinu en hann lýsir einstaklingsáhættu þeirra sem í því dveljast. Ákvörðun notkunarflokks ræðst einkum af því hvort fólk sé staðkunnugt í húsnæði, hvort það sofi þar eða ekki og hvort það geti sjálft bjargað sér úr því við eldsvoða. Ef húsnæði innan sama mannvirkis er í mismunandi notkunarflokkum og deilir flóttaleiðum eða áhættum, skulu eldvarnir miðast við þarfir hæsta notkunarflokks í viðkomandi mannvirki.

Við mat á eftirlitsaðferðum og skoðunarskyldu byggir slökkviliðsstjóri á lögum um brunavarnir nr. 75/2000 og byggingarreglugerð nr. 112/2012 með síðari breytingum, en einnig á eftirfarandi reglugerðum:

- Reglugerð um eldvarnir og eldvarnareftirlit nr. 723/2017
- Reglugerð um eftirlitsreglur hins opinbera nr. 812/1999

Í reglugerð um eldvarnir og eldvarnareftirlit nr. 723/2017 er lögð áhersla á ábyrgð eigenda mannvirkja, en þar kemur m.a. fram að eigandi skuli kynna sér kröfur um eldvarnir sem gilda um mannvirkið, lóð þess og þá starfsemi sem þar fer fram. Þá skal hann afla sér þekkingar á þeim tæknibúnaði og byggingarhlutum mannvirkisins sem hafa það hlutverk að gera viðvart um eld eða takmarka afleiðingar ef eldur kemur upp. Einnig kemur fram að hafi aðrir afnotarétt af eigninni sé eiganda skylt að koma á nauðsynlegu samstarfi við forráðamann til að tryggja að kröfur reglugerðarinnar séu uppfylltar. Eigandi getur ekki takmarkað ábyrgð sína skv. reglugerð þessari með samningum.

Eftirlitsaðferðir SHS sem stjórnvalds hafa það að markmiði að opinber afskipti verði eins takmörkuð og unnt er. Því verður dregið úr beinni ábyrgð hins opinbera á eftirliti en þess í stað lögð áhersla á ábyrgð þeirra eigenda og forráðamanna sem eftirlit beinist að og að aðilar nýti sér rafrænar lausnir.

Eftirlitsaðferðir

Aðallega er unnið eftir tveimur eftirlitsaðferðum. Báðar fela í sér upplýsingaskyldu eigenda og forráðamanna til slökkviliðs og rafræna skjalfestingu á öryggi til eldvarnaeftirlits SHS:

Skjalfesting öryggis

Rafræn skjalfesting á öryggi að beiðni SHS. Þá er staðfestingum varðandi brunatæknileg atriði, að lágmarki varðandi brunaviðvörunkerfi, út- og neyðarlýsingu og handslökkvibúnað skilað inn sem og staðfestingu eldvarnafulltrúa byggingarinnar um þau atriði sem snúa að því hlutverki.

Skjalfesting öryggis og skoðun

Rafræn skjalfesting á öryggi að beiðni SHS (sjá að ofan). Einnig er viðkomandi bygging skoðuð í því umfangi sem talið er nauðsynlegt hverju sinni.

Slökkviliðsstjóri getur einnig ákveðið að framkvæma átaksverkefni þar sem slökkviliðið skoðar eingöngu einn eða fleiri þætti brunavarna í ákveðnum tegundum og/eða notkunarflokkum mannvirkja.

Slökkviliðsstjóri heldur rafræna skrá um hvaða mannvirki, lóðir og starfsemi á hans starfssvæði falla undir skoðunarskyldu og ákveður hvaða eftirlitsaðferðum skal beita gagnvart viðkomandi mannvirki og tíðni eftirlits.

Mannvirki á eftirlitsáætlun

Eins og áður hefur komið fram er horft til margra þátta við val á byggingum á eftirlitsáætlun. Íbúðarhúsnæði s.s. sérbýlishús, fjölbýlishús og frístundahús teljast í notkunarflokki 3 og eru ekki skoðunarskyld. Sama gildir um íbúðarhúsnæði þar sem seld er skammtímagisting á grundvelli reglugerðar nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Eftirfarandi forsendur eru notaðar til þess að velja mannvirki á eftirlitsáætlun fyrir árið 2023. Almennt hefjast öll mál sem skjalfesting öryggis (gagnaöflunarmál) og ef ástæða er til er einnig farið í skoðun á staðnum í því umfangi sem nauðsynlegt telst hverju sinni.

Hér að neðan má sjá hvernig eftirlitsáætlunin er byggð upp út frá notkunarflokkum:

- Mannvirki í notkunarflokki 1-2, samkvæmt mati slökkviliðsstjóra, skal skoða einu sinni á ári,
- Mannvirki í notkunarflokki 2, 1.000 fermetra og stærri, skal skoða fjórða hvert ár,
- Mannvirki í notkunarflokki 4, óháð stærð, skal skoða einu sinni á ári,
- Mannvirki í notkunarflokki 5, óháð stærð, skal skoða einu sinni á ári,
- Mannvirki í notkunarflokki 6, óháð stærð, skal skoða einu sinni á ári,
- Mannvirki sem teljast sérstakar áhættur samkvæmt brunavarnaáætlun, óháð notkunarflokki, skal skoða einu sinni á ári.

Birting eftirlitsáætlunar

Í eftirlitsáætlun SHS sem er aðgengileg á vefsíðu liðsins, www.shs.is, kemur fram hvaða mannvirki verða skoðuð árið 2023, en um 849 staðföng er að ræða.

F.h. Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.
27. janúar 2023,

Birgir Finnsson,
starfandi slökkviliðsstjóri.
(rafræn undirritun á næstu síðu)

Undirritunarsíða

Birgir Finnsson